

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag í Vestmannaeyjabæ.

Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis að Ofanleiti.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi frístundasvæðis að Ofanleiti var samþykkt á 1621. fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyja 25. nóvember 2026. Málið hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að lóð við Ofanleitisveg 26 færist út fyrir mörk deiliskipulags frístundasvæðisins og verður hluti af deiliskipulagi athafnasvæðis í Ofanleiti. Auk þess eru fjarlægð svæði fyrir rotþró, sorp og sparkvöll.

Samhliða var unnin breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna breyttra marka landnotkunarreita í Ofanleiti og einnig nýtt deiliskipulag athafnasvæðis við Ofanleiti.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og tekur þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 25. mars 2026.

F.h. Vestmannaeyjabæjar,
Dagný Hauksdóttir, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. mars 2026